



Brunavarnarþing 2002

Brunatæknifélag Íslands heldur hið árlega brunavarnarþing sitt í þingsal 5 á Hótel Lofleiðum, föstudaginn 5. apríl n.k. Þingið hefst kl. 10:30, en móttaka og skráning kl. 10:00. Gert er ráð fyrir að þingið standi til 16:00.

Þema þingsins þetta árið tengist útkallsþætti slökkviliðana og verður fjallað um fjarskiptamál, hryðjuverk, evrópuverkefni í yfirtendrun, nýjar útkallsskýrslur og breytingar á starfsumhverfi slökkviliðana. Auk þess verður fjallað um útköll sem hafa haft eftirmála í för með sér fyrir slökkviliðið í Osló og uppbyggingu stjórnunarskipulags sem unnið hefur verið með í Svíþjóð.

Þingið er opið öllum sem áhuga hafa. Þátttökugjald er 2.000 kr. sem greiðist við innganginn. Ókeypis er fyrir skuldlaus félagsmenn Brunatæknifélagsins.

Í framhaldinu af þinginu, eða um kl. 16:00 verður aðalfundur félagsins haldinn á sama stað.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og verða léttar veitingar að loknum aðalfundi. Skráning þátttöku er hjá Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins í síma 570 2040 eða með tölvupósti á shs@shs.is.

Nánari upplýsingar um dagskráliði eru á baksíðu þessa bréfs.

F.h. Brunatæknifélags Íslands

Birgir Finnsson, þingstjóri

Dagskrárliðir:

Breytingar á starfsumhverfi slökkviliðana

Björn Karlsson, brunamálastjóri fjallar um breytingar sem eru að eiga sér stað á starfsumhverfi slökkviliðana með nýjum lögum, reglum og leiðbeiningum.

Grunnur að stjórnun

Mats Ardbreck frá Ráðningsverket í Svíþjóð fjallar um “grunder för ledning” eða grunnur að stjórnun. Þetta er sjónarhorn sem unnið hefur verið með í Svíþjóð og fjallar m.a. um innri og ytri stjórnun. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

Leonardo – evrópuverkefni í yfirtendrun

Jón Friðrik Jóhannesson og Höskuldur Einarsson frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins tóku þátt í Leonardó evrópuverkefni um yfirtendrun og munu þeir fjalla um verkefnið, tilkomu þess, samstarfsaðila og útkomu.

Nýjar útkallsskýrslur slökkviliða

Kristinn Guðmundsson frá Hnit kynnir nýtt útkallsskýrsluform sem verið er að setja upp fyrir slökkviliðin á vegum Brunamálastofnunar.

Slökkviliðið í Osló

Jon Myroldhaug slökkviliðsstjóri í Osló fjallar um slökkviliðið þar. Hann mun sérstaklega fjalla mál sem kom upp eftir útkall sem þeir fengu mikla gagnrýni fyrir, ákæru og síðan sekt. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

TETRA fjarskiptakerfið

Kjartan Blöndahl frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins fjallar um TETRA fjarskipta-kerfið og hvaða möguleika það býður upp á fyrir slökkviliðin.

Útköll vegna hryðjuverka

Haraldur Stefánsson slökkviliðsstjóri á Keflavíkurflugvelli fjallar um hryðjuverk og þá hættu sem þau geta skapað fyrir slökkviliðin.